



## 496. Stjórnarfundur haldinn 7. desember. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI) og Birgir Már Bragason (BMB)

### 1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá Símafélaginu v/samruna Símafélagsins og Nova. *Móttakið og framkvæmdastóri fylgist með.* Tölvupóstur frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur v/ heimildar til yfirdráttar í Landsbanka Íslands í tvo mánuði. *Samþykkt að veita heimild til 15. febrúar 2018. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Tölvupóstur frá UMFÍ v/ tillagna sem samþykktar voru á 50. Sambandsþingi UMFÍ sem stjórn UMFÍ vill sérstaklega vekja athygli á. *Móttakið.*

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni v/skautasvells á malarvöllinn. *Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið. Framkvæmdastóra falið að skoða með hvaða hætti þetta er gert og það skaði ekki völlinn.*

Tölvupóstur frá Jónasi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar v/afnota af Hringbraut 108 undir flugeldasölu. *Samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að útbúa samning um afnot frá 15. desember 2017 til 15. janúar 2018 á sömu forsendum og undanfarin ár.*

### 3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á deildir til að vara við svindl tölvupósti sem er að berast fólki innan hreyfingarinnar.

### 4. Hringbraut 108.

Guðbjörg Jónsdóttir hefur skilað lykllum að Hringbraut 108. Erindi Guðbjargar um að myndvarpi sem er uppsettur á Hringbraut 108 gangi að hluta til upp í leigu. *Samþykkt að taka myndvarpann upp í hluta af leigu. Aðalstjórn þakkar Guðbjörgu góð kynni og óskar henni velfarnaðar.*

### 5. Jólblað Keflavíkur 2017.

Jólblaðið er komið út og er að venju fjórtíu síður. Opnu viðtalið er við Önnu Maríu Sveinsdóttur. Dreifingu á blaðinu sér 9. flokkur í körfu um. Ósk kom frá þeim að fá að dreifa blaðinu helgina 15. – 17. desember þar sem sami flokkur sér um að dreifa Faxa. Umræður urðu um málið. *Samþykkt að verða við þessari beiðni.*

### 6. Íþróttakona- og maður Keflavíkur 2017.

EH lagði til að heiðrun íþróttafólks Keflavíkur yrði fimmtudaginn 28 des. kl. 20:00 með sama hætti og undanfarin ár. *Samþykkt.* Framkvæmdastjóra falið að kanna með íþróttamann Íslands að það lendi ekki á sama degi.

Val á okkar íþróttafólki verðu tekið fyrir á stjórnarfundum 14. desember kl. 18:00.

### 7. Önnur mál.

EH minnti stjórnarmenn á að greiða miða sína á þorrablot Keflavíkur.

Unglingaráð knattspyrnudeildar hefur endur greitt lánið að fullu sem þeir fengu.

*Samþykkt að kaupa miða á jólasýningu fimleikadeildar Keflavíkur fyrir aðalstjórn. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Næsti fundur 14. desember kl. 18:00

Fundi slitið 19:00 Fundinn ritaði BS.

